

höfum Vèr 10. þ. m., samkvæmt 25. grein grundvallarlaganna, látið út ganga bráðabirgðalög um ríkisstjórnina í þessari fjærveru Vorri.

1868.
12. ágúst.

Samkvæmt þessu kunngjörum Vèr Vorum kæru og trúu þegnum hér með, að Vor ástkæri sonur, hans konunglega tign Kristján Friðrik Vilhjálmur Karl, konungsefni, tekst frá því í dag á hendur ríkisstjórnina í Voru nafni.

46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um líðun um borgun á láni, er nokkrar sveitir í Snæfellsnessýslu höfðu fengið úr styrktarsjóðnum Íslenzka.

15. ágúst.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 3. þ. m. allramildilegast að fallast á, að þessum sveitum í Snæfellsnessýslu: Neshrepp innan Ennis, Neshrepp utan Ennis, Eyrarsveit, Staðarsveit og Breiðuvíkurrepp skuli veitt lausn í 3 ár, talin frá 1. janúarmán. þ. á. frá að gjalda neitt uppí skuld þá, er styrktarsjóðurinn Íslenzki átti hjá sveitum þessum 31. desembermán. f. á., og eins frá að borga leigur af skuldinni.

Þetta skal yður hér með kunngjört herra amtmaður, útaf bréfi yðar 16. maímán. þ. á., sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um erfðafestu-sölu á ýmsum túnþörtum kringum Reykjavík.

15. ágúst.

Samkvæmt reglugjörð 27. nóvembermán. 1846 24. grein hafið þér, herra stiptamtmaður, í bréfi 27. marzmán. þ. á., sókt um samþykki stjórnarráðsins til þess, að nokkrir túnblettir í